

Sp. 15. Tillaga til þingsályktunar

um hitun og lýsing háskólans.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að bærinn leggi fram ókeypis hita og rafmagn til daglegra afnota í hinu nýja húsi háskólans.

G r e i n a r g e r ð .

Háskóli Íslands hafði starfað nálega tuttugu ár í hinum þröngu og óhentugu húsakynnum í alþingishúsinu, þegar ég bar fram á Alþingi 1930 frv. um að tryggja háskólanum mikil lóðarréttindi og um byggingu handa þessari húslausu stofnun. Málið var á döfinni á Alþingi þar til 1932, að frv. náði samþykki. Forráðamenn Reykjavíkur sáu, að það var sanngirnismál, að höfuðstaðurinn legði þessari stofnun til nægilegt land, svo að þar gæti myndast nýr bæjarhluti vegna háskólans. Hafa nú á fáum árum risið þrjár stórbyggingar á því landi, sem Reykjavíkurbær leggur háskólanum til samkvæmt lögum frá 1932, og þó rúm fyrir mörg fleiri hús, þegar tímar liða.

Bygging Háskóla Íslands er mikið og veglegt hús og á verulegan þátt í að setja nýjan svip á höfuðstaðinn, auk margskonar hagnaðar, sem bærinn hefir af þessari stofnun.

En fyrir ríkið verður rekstur háskólans mjög veruleg byrði, ef engar stoðir renna undir starfseminna nema gjöld skattþegnanna. Tveir útgjaldaliðir renna beinlínis til Reykjavíkurbæjar, borgun fyrir hita frá hitaveitunni og fyrir rafmagn frá Sogsvirkjuninni. Ég legg til, að ríkisstjórnin leiti samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að bærinn leggi til án endurgjalds rafmagn og hita frá hitaveitu sinni í meginbyggingu háskólans. Er þessi tillaga algerlega í samræmi við það, sem gerist erlendis, þegar bæjarfélög leggja á sig miklar byrðar til að efla háskóla, sem verið er að koma á fót, oft meira af góðum vilja en mætti.

Ég hreyfði þessu máli í bæjarstjórn Reykjavíkur, þegar ríkið gekk í ábyrgð fyrir hitaveituláaninu, og hefi auk þess alloft vakið máls á þessu efni við núverandi rektor háskólans, Alexander Jóhannesson, og áhrifamenn í stjórn bæjarins og landsins. Hefir mér fundizt vera tekið á þessu máli með sanngirni. Þykir mér sennilegt, að forráðamönnum Reykjavíkur þyki vegsauki að styðja fyrir sitt leyti að því, að Háskóli Íslands geti farið að búa við viðunanleg ytri skilyrði.